

**Mál nr. 553/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. áhafnartryggingar S**

**Snúningur kom á hægri öxl sjómanns og hann varð fyrir meiðslum þ. 25.4.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.18.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 3.1.2013.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu segir að M hafi verið að kasta út dreka á grásleppunetum og fundið að eitthvað gerðist í upphandlegg og í hægri öxl. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi átt við veruleg vandamál að stríða með hægri axlarliðiðinn frá árinu 2006 og jafnvel fyrr en ekki hafi verið að sjá að sinar hafi slitnað eða verið skemmdar en í læknisvottorðinu segir að ef um heila sin hefði verið að ræða þá hefði hún ekki slitnað við það átak er sin M slitnaði. M krefst bóta úr áhafnartryggingu bátsins sem hann var á þegar hann varð fyrir meiðslunum. V hafnar bótaskyldu og leggur til grundvallar í því sambanedi lýsingu í tjónstilkynningu vottorð læknis og vísar til að síðar sé talað um að undiralda hafi verið þegar M kastaði drekanum út. M telur rétt að leggja til grundvallar þau gögn sem næst eru umræddu atviki og telur félagið að samkvæmt þeim sé ekki um neinn utanaðkomandi atburð að ræða sem valdi meiðslum M og eigi hann því ekki rétt á bótum.

**Álit.**

Af tjónstilkynningu og vottorði Guðna Arinbjarnar læknis dags. þ.15.10.2012 verður ekki séð að utanaðkomandi atvik hafi valdið meiðslum M þannig að M eigi rétt á bótum úr áhafnartryggingu bátsins S hjá M. M á því ekki rétt á bótum úr áhafnartryggingu S

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr áhafnartryggingu S.

Reykjavík 22.1.2013.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.